

Nd.

181. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Magnús Jónsson, Steingrímur Steinþórsson, Jónas Rafnar, Jón Pálmason, Eiríkur Þorsteinsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Sigurðsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný málsg. , svo hljóðandi:

Fræðslumálastjórn er og heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessi er gert ráð fyrir, að fræðslumálastjórn geti heimilað miðskólakennslu við menntaskólana, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Verður það að teljast óeðlilega ófrjálslegt, að bannað sé með lögum, að miðskólakennsla sé við menntaskóla, hversu sem á stendur. Mun það hvergi tíðkast í nágrannalöndum vorum. Þar eru menntaskólarnir 3—7 ára skólar, allt eftir aðstæðum á hverjum stað, húsnæði og öðru. Virðist eðlilegt, að þetta sé fremur framkvæmdaratriði en laga og ráðherra geti úrskurðað, hversu með skuli fara.

Menntaskólarnir báðir, á Akureyri og í Reykjavík, hafa gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls. Telja þeir æskilegt, að miðskóladeildir fylgi menntaskólum, ef þess er kostur, það skapi skólunum meiri festu, er nemendur komi þangað ungir, og bindi þá traustari böndum við stofnunina. Eru slík tryggðabönd snar menningarþáttur. Enn fremur telja menntaskólarnir æskilegt, að þeir geti fylgzt sem bezt með undirbúningi þeirra nemenda, sem til þeirra ætla að sækja, og eigi skólarnir nokkra íhlutun um, hverjar kröfur séu til þeirra gerðar, en það gerist eðlilegast á þann hátt, að menntaskólarnir taki sjálfir einhvern þátt í undirbúningnum. Ætti slík samvinna við gagnfræðaskólana aðeins að skapa nánari kynni og aukinn skilning.

Eins og sakir standa, mun slík miðskóladeild við menntaskóla einkum koma til greina við menntaskólann á Akureyri. Þar mun á næstu árum verða nægilegt húsrúm fyrir miðskóladeild. Tvö síðustu árin hefur skólinn getað tekið í heimavist alla þá, sem um hafa sótt, einnig úr miðskóladeild. Í vetur búa þar í heimavistum 137 nemendur, þar af 22 úr miðskóladeild. Virðist sjálfsagt, að það húsrúm, sem um sinn er umfram þarfir menntaskólans sjálfs, verði notað fyrir miðskóladeild, einkum fyrir nemendur úr þeim héruðum, sem engan hafa héraðsskólann, eins og t. d. Eyjafjörður.